

**Ed.**

**441. Nefndarálit**

[170. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands,  
17. júní 1944.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar á tveim fundum. Samkomulag tókst ekki um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með tveim minni háttar breytingum, sem gerð verður grein fyrir í framsögu. Minni hlutinn (AG) mun skila séráliti um afstöðu sína. Einn nefndarmanna, HermJ, var fjarverandi, er nefndin afgreiddi málið.

**BREYTINGARTILLAGA:**

Fyrri málsgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

33. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa íslenzkan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lög-ræði.

Alþingi, 11. apríl 1967.

Friðjón Skarphéðinsson,  
form., frsm.

Ólafur Björnsson,  
fundaskr.

Ólafur Jóhannesson.

Sveinn Guðmundsson. Sigurður Ó. Ólafsson.